

Grunnskóli Reyðarfjarðar



Valgreinar Skólaárið 2023– 2024 Námslýsingar



Hugrökku ❤️ er ekkert ómögulegt



Val í 8. – 10. bekk

Kæri nemandi.

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir að nemendur á unglíngastigi fái 37 kennslustundir á viku eða 1480 mínútur alls. Þær skiptast í 33 stundir í kjarnagreinum og 4 stundir í valgreinum. Markmiðið með vali er að gefa nemendum tækifæri til þess að velja viðfangsefni í tengslum við áhugasvið, styrkleika og framtíðaráform eftir því sem hægt er.

Nemendur velja sér nú valgreinar fram að áramótum.

Í þessum bæklingi eru valgreinarnar kynntar og biðjum við ykkur um að lesa kynningarnar vel yfir. Valgreinar eru kenndar á þriðjudögum fram að áramótum. Valgreinar sem kynntar eru á fimmtudögum í þessum bæklingi er bundið val, eingöngu ætlað nemendum 8. bekkjar en þeir verða í 8 vikur í myndmennt og 8 vikur í heimilisfræði.

Í vetur verða nemendur í 9. og 10. bekk í vali í Verkmenntaskólanum á Norðfirði á fimmtudögum, í 8 vikur hvor bekkur. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel, en þarna gefst nemendum kostur á fjölbreyttu vali, auk þess að kynnast framhaldsskólanum okkar hér í heimabyggð. Nemendur 10. bekkjar byrja, í 8 vikur og síðan taka nemendur 9. bekkjar við. Við hvetjum nemendur 9. og 10. bekkjar til að kynna sér valbæklinginn frá VA og velja valgreinar á sérstöku valsvæði.

Allir nemendur 8. – 10. bekkjar velja eina valgrein af þeim valgreinum sem kenndar verða á þriðjudögum fram að áramótum.

Með kveðju,
Ásta

Valgreinar kenndar haustönn 2023, á þriðjudögum frá kl. 13:25-14:45.

Heimilisfræði – Þórey Sveinsdóttir

Heimilisfræðin á að auka sjálfstæði nemenda í heimilisstörfum og vera þjálfun í að vinna með öðrum. Nemendur læra að elda og baka eftir uppskriftum, einnig meðhöndlun matvæla og mikilvægi hreinlætis, ásamt því að læra næringar- og heilsufræði.

Markmið

- Að geta skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir með hagkvæmni og nýtni að leiðarljósi.
- Að geta sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í samhengi við lýðræði og jafnrétti, hreinleika og eiginleika sem taldir eru bæta heilsu fólks og stuðla að sjálfbærri þróun.
- Að geta tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tekið ábyrgð á eigin heilsu.
- Að vita um mikilvægi hreinlætis og meðferð matvæla.

Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

Listasmiðja – Karitas Harpa Davíðsdóttir

Listasmiðjan er skapandi, eflandi, öruggur og kröftugur staður til sköpunar, tjáningar, tilrauna og frelsis. Vettvangur til athugana, upplifana og uppljómana.

Unnið verður með tónlist, myndlist og hönnun og hina ýmsu undirflokk þessara greina. Nemendur fá kynningu á fjölbreyttum leiðum sköpunar en velja sér svo svið innan hennar til úrvinnslu verkefna. Það er sjálfsagt að prófa sig á nokkrum sviðum nú eða blanda saman sviðum.

Örfa dæmi um verk:

- Pappamassi

- Kertagerð
- Skúlpur
- Blýantsteikningar
- Málverk frá upphafi til enda
- Tie dye
- Lagasmíðar

Við kynnumst því einnig hvernig við komum okkur á framfæri með okkar list.

Viltu mála, syngja, hanna, teikna, skrifa, túlka, spila og tjá þig í öruggu og skapandi umhverfi í vetur og vita nákvæmlega hvað þú þarft að gera til að ná árangri? Þá er listasmiðjan staðurinn fyrir þig!

Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

Íþróttþjálfun – Anna Maria Skrodzka Peta

Lýsing

Nemendur fá fræðslu um hreyfingu og heilbrigði ásamt því að kynnast starfi þjálfara ungra barna í íþróttaskóla. Nemendur skipuleggja tíma fyrir 6 – 8 ára börn með áherslu á þrautir og leiki og því er æskilegt að þau hafi gaman að því að starfa með börnum.

Markmið

- Að nemendur fræðist um grunnþjálfun líkamans.
- Að nemendur öðlist færni í að starfa sem leiðbeinendur í íþróttaskóla.

Námsmat

Lykilhæfnipættir sem metnir verða eru:

- Ábyrgð
- Þrautseigja
- Frumkvæði og áræðni
- Samskipti og samstarf
- Námsvitund
- Tjáning
- Námsárangur - metinn út frá framlagi og frágangi á verkefnum.

Franska – Hulda Guðnadóttir

Viltu læra tungumál ástarinnar? Þá er franska eitthvað fyrir þig!

Í náminu verður farið yfir grunnatriði franskrar tungu og menningar. Kennslan fer að mestu fram með einföldum samskiptum á milli nemenda og kennara með áherslu á framburðarkennslu. Nemendur læra að kynna sig og læra orðaforða sem tengist daglegu lífi. Orðaforðinn verður að miklu leyti kenndur á myndrænan hátt, með leikjum og spilum. Frönsk menning verður kynnt samhliða kennslunni í tungumálinu. Þar verður m.a. stuðst við tónlist og myndefni, t.d. tónlistarmyndbönd og sýnishorn úr kvikmyndum. Stefnt verður að því að nemendur fái að elda eða baka eitthvað franskt góðgæti lok námsins.

Markmið

- Aðalmarkmið námskeiðsins er að nemendur fái áhuga á frönsku og frönskum menningarheimi.

Námsmat

- Vinnusemi og áhugi í tímum liggur til grundvallar í námsmati.

Ræktin – Katrín Jóhannsdóttir

Nemendur fá tækifæri til að læra á tækin og búnaðinn sem er til staðar í líkamsræktarsal íþróttamiðstöðvarinnar á Reyðarfirði ásamt því að læra rétta tækni á lyftum eins og hnébeygjum, réttstöðulyftu og bekkpressu o.fl.. Áhersla er lögð á líkamsvitund, rétta líkamsbeytingu, styrk og liðleika. Samhliða æfingum fer fram fræðsla um heilsu, hreyfingu og holla lífshætti.

Markmiðið

- Kynna ungmennum styrktarþjálfun/lyftingar í tækjasal.
- Auka líkamsvitund og efla sjálfstraust

Námsmat

- Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

Skólasel – Eyrún Inga Gunnarsdóttir

Vilt þú læra að gera ferilskrá, sækja um vinnu og fara í atvinnuviðtal?

Í skólases vali fá nemendur aðstoð við þetta og meira til. Einnig verður farið yfir óskrifaðar siðareglur á vinnumarkaði og nemendum gefin tæki og tól til þess að verða eftirsóknarverðir umsækjendur.

Nemendur vinna undir stjórn starfsmanna Skólases við dagleg störf og ýmis önnur störf sem til falla. Áhersla er lögð á virkni og frumkvæði. Þrír til fjórir kennslutímar verða nýttir í fræðslu á ofangreindum atriðum.

Námsmat

- Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir mætingu, áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

Nemendaráð Grunnskóla Reyðarfjarðar – Guðlaug Árnadóttir

Í Grunnskóla Reyðarfjarðar er starfrækt nemendafélag sem skipað er öllum nemendum skólans. Nemendaráð er minni hópur innan nemendafélagsins og geta nemendur í 8. – 10. bekk valið að sitja í nemendaráði sem fundar reglulega og skipuleggur félagsstarf nemenda. Nemendur velja sjálfir að vera í nemendaráði og fundar það val á miðvikudögum. **Velji nemandi að vera í nemendaráði þarf hann að vera tilbúinn til að sitja í því allan veturinn** og taka virkan þátt í þeim viðburðum sem nemendaráðið stendur fyrir.

Nemendaráð sér um viðburði á skólatíma og er rödd nemenda gagnvart stjórnendum skólans og öðru starfsfólki. Í byrjun skólaárs kýs nemendaráðið sér stjórn sem í sitja: formaður, varaformaður og meðstjórnandi. Formaður og fulltrúi nemendaráðs eru áheyrnarfulltrúar nemenda í skólaráði.

Markmið:

- Að nemendur taki þátt í að efla og móta félagsstarf í skólanum.

- Að nemendur komi að því að skipuleggja og undirbúa ýmsar upptakur í samvinnu við kennara skólans og starfsfólk.
- Að nemendur kynnist unglíngalýðræði og lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Að nemendur læri að setja upp viðburði, auglýsa þá og stjórna.

Námsmat: Mæting, virkni, vinnusemi og áhugi í tímum liggur til grundvallar í námsmati.

Bundið val fyrir 8. bekk, kennt á fimmtudögum frá kl. 13:25-14:45.

Heimilisfræði – Þórey Sveinsdóttir

Heimilisfræðin á að auka sjálfstæði nemenda í heimilisstörfum og vera þjálfun í að vinna með öðrum. Nemendur læra að elda og baka eftir uppskriftum, einnig meðhöndlun matvæla og mikilvægi hreinlætis, ásamt því að læra næringar- og heilsufræði.

Markmið

- Að geta skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir með hagkvæmni og nýtni að leiðarljósi.
- Að geta sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í samhengi við lýðræði og jafnrétti, hreinleika og eiginleika sem taldir eru bæta heilsu fólks og stuðla að sjálfbærri þróun.
- Að geta tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tekið ábyrgð á eigin heilsu.
- Að vita um mikilvægi hreinlætis og meðferð matvæla.

Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

Mynd segir meira en þúsund orð –

Karítas Harpa Davíðsdóttir

(Listasmiðja – Myndasögur/skopmyndir)

Listasmiðjan er skapandi, eflandi, öruggur og kröftugur staður til sköpunar, tjáningar, tilrauna og frelsis.

Hvað eru myndasögur og hver er munurinn á skopmynd og myndasögu?

Í smiðjunni skoðum við hinar ýmsu gerðir myndasagna. Allt frá Hugleiki Dagssyni til Manga, íslenskt og erlent. Nemendur fá síðan tækifæri til þess að skissa, prófa og þróa sína/r eigin persónur og gefa þeim rými til tjáningar í formi myndasagna eða skopmynda.

Grunnurinn verður blýantur, blað og ímyndunaraflið en frelsið til að stækka verkin er óendanlegt.

Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.